

## Skólaráðsfundur í Glerárskóla 31. janúar 2022 (rafrænn)

Mætt: Margrét Silja Þorbergsdóttir, Sunna Þórveig (nemandi), Kristjana Kristjánsdóttir, Þorbjörg Otta Jónasdóttir, Eyrún Skúladóttir, Tómas Lárus Vilbergsson. Sveinbjörg Smáradóttir

### 1. Skóladagatal 2022-2023

Fyrsta umræða um dagatalið við kennara byrjuð, farið verður með tvenns konar tillögur til kennara, ekki miklar breytingar, lagt til samþykktar 28. febrúar, verður sent í pósti svo að hægt verði að kynna sér það.

### 2. Framkvæmdir við Glerárskóla - staðan tekin

Unnið með arkitektum við að skipuleggja. A álma tekin fyrst og því miður eru teikningar ekki tilbúnar til að sýna, verður gert næst. Gróf lýsing á skipulagi s.s. að það verður niðurgrafið sitt hvoru megin við álmuna þannig að það verður fyrsta og önnur hæð, byggt við tengiálmu. Skemmtilegur garður á milli álmanna. List og verkgreinar á neðri hæð og á efri hæð verða kennslustofur og önnur starfsemi s.s. kaffistofa, vinnurými fyrir kennara og kennslustofur og starfsmannainngangur. Í milli álmu ritari, viðtalsherbergi og skrifstofa húsvarðar. Eftir þessar framkvæmdir verður hugað að skólalóðinni. Mikið álag á starfsmenn skólans og munu þessar framkvæmdir taka heilt skólaár. Hluti skólastarfs verður útvistað, væntanlega afnot af Rósenborg. Hluti starfsemi skólans fer væntanlega þangað. Umræður við starfsfólk rétt byrjaðar þannig að það er mikið verk fyrir höndum. MSP spurði hvort Árholt yrði opið áfram, svarið er nei það er búið að gera 10 ára samning um það. Dýrt að vera með lausar skólastofur. Reynum samt að koma sem flestum fyrir hér, líklega eldri krakkar sem fara úr húsi. Meiri fréttir verða um það 28. febrúar. Búið að klára tvö bílastæði fyrir skólann. Mikið keyrt inn á skólalóð og reynt að berjast gegn því með Umhverfis og mannvirkjasviði, ekki góð aðkoma eins og er. MSP spurði hvort einhver hvatning eða umbun væri í gangi til að fá starfsfólk hjólandi í skólann, skólinn hefur ekki aðgang að neinu slíku. Mest vandræði með skutlið í sund og íþróttir seinni part dags. MSP finns leikskólinn mjög bílmiðuð bygging.

### 3. Starfsþróunarsamtöl

Í fyrra vor var ákveðið að vera með nýja nálgun á starfsþróunarsamtöl. Að hausti 15 mín samtöl við starfsfólk, núna eru í gangi teymissamtöl og í vor verða aftur 15 mín samtöl við starfsfólk.

### 4. Staða vegna sóttvarnareglna

Verið að losa um reglur, lítil breyting með skólasóttvarnareglur Höldum áfram með matsalinn hólfaðan eins og er í dag. Engir hópar nemenda lengur sendir í smitgát eða sóttkví. Við reynum að óska eftir því að vita hvort börn eru með C19 en getum ekki gert kröfu á það. Fá smit hjá starfsfólki eins og er, hefur gengið vel. 80 hafa smitast eins og er á þessu skólaári og 4-5 starfsmenn. Vonum það besta

### 5. Önnur mál

Sunna spurð hvað væri að fréttu af nemendum. Nemendur mjög sáttir við matsalinn allt annað gott.

Foreldrar: Sveinbjörg hefur eftir sínum börnum, miklu betri skipting í matsal og allt annað með hávaðann.

MSP : Gott að sóttkvinni sé lokið búið að vera mikil fjarvera hjá börnum, þurfum að taka höggið. Kristjana spurði hvað yrði um frístund. Ekki alveg búið að því og vonandi tekst að hafa hana hér í skólanum.

MSP spurði hvort list og verk væru ekki lögvarðar greinar. Eyrún sagði að það væri erfitt að koma því fyrir.

Sveinbjörg hugleiddi hvort ekki væri hægt að færa heimilisfræðina heim til barnanna ? t.d. með aðstoð foreldra.

Árshátíð samkvæmt skóladagatali og hefðbundin. Krakkar í 9. bekk byrjuð á undirbúning.

Fleira ekki rætt.